

## Náttúruverndarstofnun

Pingeyjarsveit  
Anna Bragadóttir  
Kjarna, 650 Laugum

Garðabær, 18. febrúar 2025  
202501-0150/A.B.  
08.03

### Efni: Umsögn - Grenndarkynning - Búvellir í Aðaldal - umsókn um byggingarleyfi fyrir fjós - Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um byggingarleyfi fyrir fjós á Búvöllum í Aðaldal.

Í greinargerð kemur fram sótt er um byggingarleyfi fyrir nýju fjósi að stærð 488 m<sup>2</sup> á Búvöllum í Aðaldal, tengt núverandi útihúsum. Gert er ráð fyrir að byggingin rúmi 54 kýr auk mjólkurhúss og aðstöðu. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið landbúnaðarland en ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

#### Mývatn

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdin er innan vatnasviðs Mývatns og Laxár sem er verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.

Að öðru leyti hefur Náttúruverndarstofnun farið yfir ofangreint leyfi og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
**sérfræðingur**